



## Um fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2018

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

Reykjavík 15.10.17

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórnna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn. Stígamót bjóða upp á viðtalsþjónustu og netspjall sem hefur einkum nýst fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Á sl. ári leituðu 654 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 372 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 2249. Aðstandendur brotaþola voru 61.

Að auki fer fram hjá Stígamótum umfangsmikið starf í sjálfshjálparhópum fyrir bæði konur og karla auk fræðslu og annarra verkefna. Öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Stígamót hafa í mismiklum mæli boðið upp á þjónustu við fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur. Síðastliðið ár flaug ráðgjafi frá Stígamótum austur á land hálfsmánaðarlega og komust færri að en vildu. Þjónusta var líka veitt á Ísafirði, í Borgarnesi og á Akranesi. Á þessum svæðum greiddu sveitarfélögir ferðakostnað.

Starfsemin hefur verið aukin og bætt á undanfönum árum. Vitað var að karlar nýttu ekki þjónustuna sem skyldi. Bætt var úr því með ráðningu karls og hefur það skilað-sér-i vitundaryakningu og aukinari aðsókn. Jafnframt veitum við ráðgjöf í gegnum netið sem nýist fólkí utan höfuðborgarsvæðisins vel.

Gert hefur verið gæðamat á þjónustunni þar sem mældir voru þættir eins og sjálfvirðing, þunglyndi, streita og kvíði hjá okkar fólkí áður en viðtöl hófust og eftir a.m.k. fjölgur ráðgjafarviðtol. Í ljós kom marktæk bót á öllum þáttum, sem ætti að vera fólkí hvatning til þess að leita sér hjálpar.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Enn einu sinni skorum við á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemdu og virðingu  
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir  
talskona Stígamóta